



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 2.tbl.

Febrúar 2018

## Uppsveitadeildin 2018



**Uppsveitadeildin 2018 er handan við hornið.**

Útmánuðir í Uppsveitunum eru nýttir til keppni í hestaíþróttum, en Uppsveitadeildin hefst innan skamms í áttunda sinn.

**Keppnin hefst þann 16. febrúar á fjórgangi í Reiðhöllinni á Flúðum.**

Spennandi verður að sjá hvort sigurvegarinn frá í fyrra, Matthías Leó Matthíasson, mæti og reyni að halda titlinum sem sigurvegari í fjórgangi og stigahæsti knapinn í Uppsveitadeildinni. Annar í fjórgangi í fyrra varð Þórarinn Ragnarsson og þrír knapar urðu jafnir í þriðja til fimmta sæti.

Var hlutkesti látið ráða sætaskipan.

Uppsveitadeildin er ávallt jöfn og spennandi.

Keppnin í ár hefst föstudagskvöldið **16. febrúar kl 19:45** með kynningu á keppendum í Reiðhöllinni á Flúðum.





**Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:**  
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)

**Starfsmaður í Áhaldahúsi**

**Ari Einarsson 893-4426** [ari@skeidgnup.is](mailto:ari@skeidgnup.is)

**Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016**

**Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. mars 2018.**

**Ritstjóri:** Kristjana H. Gestsdóttir [kidda@skeidgnup.is](mailto:kidda@skeidgnup.is)

**Ábyrgðarmaður:** Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

## **Opnunartími gámasvæða.**

### **Við Árnes opið:**

**priðjudaga kl. 14:00 - 16:00**

**laugardaga kl. 10:00 - 12:00**

### **Í Brautarholti opið:**

**miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00**

**laugardaga kl. 13:00 - 15:00**

**Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!**

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

**Opnir allan sólarhringinn.**

***Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa***

*Alla daga, allan daginn.*

*(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)*


***Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.***

***Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna***

## **Þjónusta vegna ljósleiðara!**

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

[skj@internet.is](mailto:skj@internet.is) - Sigvaldi K Jóns. og [nonniasum@gmail.com](mailto:nonniasum@gmail.com) -Jón Hákonarson.



**Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja**  
verður haldinn í þjórsárskóla  
þriðjudagskvöldið **6. mars kl 20:30.**  
Fulltrúar Landgræðslunnar mæta á fundinn  
og verða með fræðsluerindi.  
Venjuleg aðalfundarstörf.  
Stjórnin.



## **Hjónaball í Brautarholti**



**17. mars 2018**

**Takið daginn frá  
Nánar auglýst síðar**



**GISTIHÚSIÐ ÁLFTRÖÐ Á SKEIÐUM VANTAR  
MANNESKJU TIL AÐ SJÁ UM MORGUNMAT FRAM Í  
APRÍL. MÖGULEIKI ER Á ÁFRAMHALDANDI  
VINNU. VINNUTÍMI ER FRÁ KL. 7 - 11.  
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 895 6247.**

**Hundafangari sveitarfélagsins:  
Ragnar Sigurjónsson sími:  
859-9559.**



**Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770  
Opið virka daga kl. 08:00 -16:00**

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

**Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000**

**Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700**

**Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655**

**Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.**

**Velferðarþjónusta Árneshings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181  
[www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is)**

**Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árneshings er**

**María Kristjánsdóttir [maria@hveragerdi.is](mailto:maria@hveragerdi.is)**

**Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:**

**Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, [sigurjon@laugaras.is](mailto:sigurjon@laugaras.is) sími 480-1180**

**Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu [sigrun@laugaras.is](mailto:sigrun@laugaras.is)**

**Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:**

***Landflutningar*  
SAMSKIP**

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka  
daga-**

**með viðkomu á Selfossi**

**Phone: +354 458 8821**

**Mobile: +354 858 8820**

**Email: [sverrir.unnarsson@samskip.com](mailto:sverrir.unnarsson@samskip.com) [www.landflutningar.is](http://www.landflutningar.is)**



**facebook**

# Atvinnumálalæping Uppsveitanna 21. mars 2018.

Atvinnumálanefndir Uppsveitanna munu  
standa fyrir Atvinnumálalæpingi  
**þann 21. mars 2018 í Félagsheimilinu Borg.**

Þingið hefst með súpu klukkan 19:00.

Nánari dagskrá auglýst síðar.

Endilega takið daginn frá.

*Atvinnumálanefndir Uppsveitanna.*

## Baggamunur

Bókhalds- og  
skattabjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

866-9035

s@baggamunur.is



## STOPPUSTUÐ Í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er við inngang  
skólamötuneytis, (austan megin)  
við Félagsheimilið Árnes.



# Kæru Smárafélagar!



Mótanefnd hefur nú sest niður og lagt drög að vetrarstarfinu. Vetrarmótin okkar verða á sínum stað en auk þess munum við halda tölmtót daginn fyrir skírdag að venju.

Í ár verða aðeins tvö vetrarmót haldin en svo er stefnan tekin á þrjú mót, eins og hefð er fyrir, að ári – með aukinni þátttöku og krafti félagsmanna mun það takast. Mikið hefur dregið úr þátttöku á þessum mótum nú síðustu ár svo við hvetjum alla þá sem vettlingi geta valdið til að koma, taka þátt og eiga góða stund. Saman getum við nefnilega flutt fjöll!

Nokkrar breytingar verða á tilhögun vetrarmótanna og vonum við að þær leggist vel í félagsmenn.

Helst ber að nefna að mótin í ár verða felld meira að íþróttakeppninni: sýnt hægt tólt og frjáls ferð (T7- nokkrir saman inná í einu), stjórnað af þul. Dómarar munu gefa tölur og úrslit riðin. Þetta er einfalt keppnisform sem allir ættu að hafa gaman af.

Einnig verða 1. og 2. flokkur fullorðinna felldir niður en í stað þeirra tökum við upp áhugamannaflokk og opinn flokk. En opni flokkurinn verður opinn öllum, Smárafélögum sem öðrum.

Flokkar verða pollaflokkur (þrautabraut í reiðhöll), barnaflokkur, unglinga-flokkur, ungmennaflokkur, áhugamannaflokkur og opinn flokkur. Einnig verður unghrossaflokkur á seinna mótinu.

Einnig bera að nefna að einungis knapi skal vera Smárafélagi (fyrir utan opinn flokk) – ekki er skylt að hestur skuli vera í eigu félagsmanns, nema í unghrossa-flokki.

Dagsetningar eru sem hér segir:

**10.mars: fyrri vetrarmót**

**28. mars: tölmtót**

**21. apríl: seinna vetrarmót**

Viðburðirnir verða að venju haldnir í Torftal/Reiðhöll.

Nánara fyrirkomulag mótanna verður kynnt á næstunni inni á facebook síðu og heimasíðu Smára og hvetjum við því alla til að fylgjast vel með á þeim þægilega samskiptamiðli sem fésbókin er.

Kæru félagsmenn, tökum öll þessar dagsetningar frá, hittumst og eigum saman góðar stundir. Hestaíþróttin er einstök – eitthvað fyrir alla – konur og kalla – krakka með hár og kalla með skalla. ☺

Sjáumst hress í Torfdal  
Mótanefndin.



# Aðalfundur Hesamannafélagsins Smára



Aðalfundur Smára var haldinn á Hestakránni 28. janúar síðastliðinn og var fundurinn ágætlega sóttur. Fyrr um kvöldið hafði verið fundað með keppendum Uppsveitadeildarinnar. Smári mun tefla fram fjórum liðum í ár. Við hvetjum alla til þess að mæta í reiðhöllina okkar og fylgjast með þessari skemmtilegu deild sem hefur fest sig í sessi hjá okkur hestamönnum í uppsveitunum. Eftir góðan fund með keppendum hófst aðalfundur Smára. Bjarni Músson var fundarstjóri.

Farið var yfir skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Ingvar Hjálmarsson, formaður, gaf ekki kost á sér til formennsku og þakkar félagið honum fyrir hans framlag í þágu félagsins. Bjarni Músson stjórnarmaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og er honum þakkað fyrir hans framlag. Enginn gaf kost á sér til formennsku félagsins fyrir aðalfund og því mun ég, undirrituð, taka það starf að mér fram að næsta aðalfundi. Líflegar umræður sköpuðust og er alltaf gott að fara yfir málin og hvað má fara betur í starfi félagsins. Vonandi fóru allir sáttir heim staðráðnir í því að gera félagið okkar enn betra.

Blæsbíkarinn var afhentur að vanda. Hann hlaut Þórarinn Ragnarsson, Vesturkoti, fyrir besta árangur Smárafélaga á árinu. Við óskum honum til hamingju með titilinn. Nú er Landsmótsár en Landsmótið verður haldið af hestamannafélaginu Fáki á þeirra glæsilega svæði í Víðidalnum. Við stefnum með sterka fulltrúa í öllum flokkum frá Smára og verðum gaman að fjölmenna hjá Fáksmönnum og eiga saman skemmtilega daga.

Firmakeppnin okkar, sem er alltaf haldin 1. maí, er okkar aðal fjáröflun og þökkum við öllum þeim sem leggja okkur lið árlega fyrir stuðninginn. Við erum búin að panta gott veður og verður gaman að sjá sem flesta á þessum merkisdegi. Gæðingamótið hefur slegið heldur betur í gegn síðustu ár. Ákveðið var að opna það fyrir hestum og knöpum úr öllum félögum, en verðlauna hæsta Smárafélaga í hverjum flokki ár hvert. Mótið höldum við með Hestamannafélaginu Loga. Það var met þátttaka, góðir hestar og knapar koma til okkar ár hvert. Við höfum fengið lof fyrir þetta sterka og skemmtilega mót og hlökkum til þess að sjá sem flesta knapa víða að í sumar.

Gaman er að segja frá því að Gæðingamótið okkar er nú komið í hóp með sterkustu mótum landsins. Þannig rötuðu einkunnir frá mótinu inn á topp 10 lista yfir landið í nokkrum greinum. Strax í vikunni eftir aðalfund komu saman stjórn, æskulýðsnefnd og mótanefnd til að fara yfir komandi ár. Margt var rætt, eins og hvað betur má fara og hvað við getum gert til þess að fá meira líf í mótahald og starf félagsins.

Allar nefndir eru komnar á fullt og verða upplýsingar birtar um leið og línur hafa verið lagðar í hverri nefnd. Við verðum að huga vel að nýliðun og hvernig við gætum fengið fleiri félagsmenn inn í félagið. Sama hvort það séu ungir hestamenn eða þeir sem eldri eru. Við vonum að það sem við munum bjóða fram á árinu og þær breytingar sem verða á félagastarfinu muni leggjast vel í félagsmenn og þeir fjölmenni á þá atburði sem boðið verður uppá. Við hvetjum alla til að fjölmenna í reiðtúr félagsins sem verður haldinn í sumar. Gaman væri að blása nýju lífi í þennan reiðtúr sem hér áður fyrr var ansi fjölmennur og skemmtilegur. Félagsgjöld verða óbreytt milli ára.

### **Stjórn Smára:**

Hulda Hrönn Stefánsdóttir formaður  
Rósa Birna Þorvaldsdóttir varaformaður  
Aðalheiður Einarsdóttir ritari  
Svanhildur Hrönn Pétursdóttir gjaldkeri  
Elín Mogvist stjórnarformaður

### **Vara stjórn Smára:**

Bragi Viðar Gunnarsson  
Jón William Bjarkarson  
Einar Logi Sigurgeirsson

### **Æskulýðsnefnd:**

Elín Mogvist  
Unnur Lís Schram  
Helgi Kjartansson  
Linda Karlsson  
Janis Schwenke

### **Mótanefnd:**

Erna Óðinsdóttir  
Kristín Magnúsdóttir  
Ragnheiður Hallgrímsdóttir  
Helgi Valdimar Sigurðsson

### **Firmanefnd:**

Stefanía Sigurðsdóttir  
Svanhildur Hrönn Pétursdóttir  
Hulda Hrönn Stefánsdóttir  
Guðni Árnason

### **Útreiðanefnd:**

Elín Una Jónsdóttir

### **Vallarnefnd:**

Jón William Bjarkarson  
Helgi Kjartansson

### **Reiðvegafulltrúi:**

Ingvar Hjálmsón

### **Aðalskoðunarmenn:**

Haukur Haraldsson  
Þorgeir Vigfússon

### **Vara skoðunarmen**

Bára Másdóttir  
Bjarni Ásbjörnsson

### **Reiðhallarfulltrúar:**

Bjarni Ásbjörnsson  
Þorsteinn Gunnarsson

### **Fulltrúar Smára í**

### **uppsveitadeildinni:**

Ragnheiður Hallgrímsdóttir  
Arnheiður S Þorvaldsdóttir



Við hvetjum alla til að fylgjast vel með starfi félagsins á Facebooksíðu félagsins og tölvupóstum frá netfanginu okkar, smari@smari.is Hægt er að finna dagskrá vetrarins/ársins inni á reidhollin.is .

Við tökum á móti öllum ábendingum og góðum ráðum frá ykkur kæru félagsmenn, enda sitjum við öll við sama borð sem félagsmenn Smára. Við stjórnin hlökkum til að starfa með ykkur á komandi ári enda sólin farin að hækka á lofti og vorið á næsta leyti.

Fyrir hönd stjórnar  
Hulda Hrönn Stefánsdóttir.



## Æskulýðsstarf Smára 2018

Æskulýðsnefndin hefur lagt drög að starfsemi ársins. Eins og áður eru flestir viðburðir unnir í góðu samstarfi við nágranna okkar í Hestamannafélaginu Loga. Hér á eftir er upptalning á því helsta sem í boði verður en hver og einn viðburður verður svo auglýstur nánar á facebook síðu Smára og æskulýðshópsins og á heimasíðu Smára, [www.smari.is](http://www.smari.is)

Uppsveitadeild æskunnar verður í reiðhöllinni á Flúðum að vanda, keppt verður í barna og unglingaflokki.

**Dagsetningar móta eru sem hér segir:**

**-24 febrúar.**

Barnaflokkur þrígangur og fimi. Unglingaflokkur fjórgangur og fimi.

**-17 mars.**

Barnaflokkur fjórgangur og tölt. Unglingaflokkur fimmgangur og tölt.

**-7 apríl.**

Barnaflokkur smali. Unglingaflokkur smali og skeið.

*Kynningarfundur fyrir uppsveitardeild æskunnar verður haldinn mjög bráðlega og nánari upplýsingar koma sem fyrst inn á facebook Smára*

Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga hefjast fljótlega, bæði með áherslu á almenna reiðmennsku og í framhaldi undirbúning fyrir landsmótsúrtöku fyrir þá sem þangað stefna. Kennarar verða Arnheiður Helgadóttir og Hans Þór Hilmarsson reiðkennarar. Stefnt er að nánari kynningu á uppbyggingu námskeiðsins á kynningarfundum uppsveitadeilda í næstu viku.

- Hestaskóli fyrir byrjendur haldinn á Húsatóftum 2 á laugardögum í apríl.
- Æskan og hesturinn í apríl, hópferð ef þátttaka næst.
- Hestasmiðja verður í maí.
- Undirbúningur og úrtaka fyrir LM 2018 í Reykjavík.
- Fjölskyldureiðtúr í sumar. Brokk og Skokk í júní.
- Fræðslu og skemmtiferð í haust.

Við látum ykkur fylgjast með framvindunni á facebook síðu félagsins og heimasíðu og einnig í fréttabréfum sveitanna.

**Kveðja æskulýðsnefndin.**

Elin Moqvist

Helgi Kjartansson

Janis Schwenke

Linda Karlsson

Unnur Lisa Schram



## Landsbyggðarvinir

6. og 7. bekkur er þátttakandi í verkefni sem heitir  
Landsbyggðarvinir- framtíðin er núna.

Leiðarstef verkefnisins, er Sköpunargleði-Heimabyggðin mín:  
Nýsköpun, heilbrigði og forvarnir.

Markmið verkefnisins er að hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim tækifærum sem þar bjóðast og fylgja þeim eftir á eigin forsendum. Verkefnið skiptist í tvo hluta. Fyrri hluti er einstaklingsverkefni þar sem nemendur setja fram hugmyndir sínar um framtíðarþróun heimabyggðar sínar. Í seinni hlutanum eru útfærðar bestu hugmyndirnar úr fyrri hluta með það að markmiði að koma þeim í framkvæmd.

Sérstök dómnefnd metur verkefni nemenda í hvorum hluta fyrir sig. Það er gaman að segja frá því að nemandi úr 7.bekk, Þrándur Ingvarsson hlaut

1. verðlaun í fyrri hluta verkefnisins.

Verðlaunin voru afhent í Háskólanum í Reykjavík þann 26. janúar við hátíðlega athöfn.

Við erum stolt af árangri Þrándar.

Kveðja. Hafdís.



**Skáksveit skólans** - Sveitakeppni grunnskóla Suðurlands í skák fór fram föstudaginn 26. janúar í Fischer setrinu á Selfossi. Þjórsárskóli sendi vaska sveit til leiks í flokki 6. - 10 bekkjar. Sveitina skipuðu: Magnús Sigurðsson, 5. bekk, Eiríkur Logi Vilhjálmsson, 5. bekk, Anna Lovísa Duerholt, 7. bekk og Þrándur Ingvarsson, 7. bekk. Krakkarnir tefldu vel og örugglega en við lentum í síðasta sæti. Það er góð lífsreynsla að taka þátt í svona móti og einnig að þora að tefla við nemendur sem eru eldri og með meiri reynslu. Við getum verið stolt af þessum ungu krökkum og fallegri framkomu þeirra á mótinu. Kveðja Hafdís.



**Tannverndarvika** - Embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir tannverndarviku **í lok janúar**. Tannheilsa er einn þátturinn í Heilsuefandi grunnskóla og allir bekkir í skólanum nýttu vikuna á einn eða annan hátt til þess að rifja upp og fræðast meira um tennur, tannhirðu og holt mataræði. Nemendur í 1.-2. bekk unnu ýmis verkefni tengd tannheilsu og bjuggu til brúðuleikhús með Kárius og Baktus í nýjum ævintýrum.



**Frímínútur** – Það er mikilvægt að taka sér hlé frá verkefnavinnu, hvíla hugann og hreyfa sig. Frímínútur eru nauðsynlegt uppbrot í skóla-starfi og kjörinn vettvangur til að æfa sig í samskiptum.

Við í Þjórskóla erum heppin með skólalóðina og umhverfið í kringum skólann okkar. Það býður upp á marga möguleika til leiks og starfs og nóg pláss er fyrir alla til að njóta sín. (Myndir: Elvar Már Svansson).



Kveðjur úr skólanum. Kristín og Bolette.

**Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja**  
**Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!**

**802**





## Leikholtsfréttir í febrúar 2018

Börnunum hefur fjölgað ört eftir áramót og ná þau tölunni 30 núna í febrúar. Þann 26. janúar var öðruvísi dagur í leikskólanum. Í vetur höfum við verið með öðruvísi daga annað slagið og núna eftir áramót er einn í hverjum mánuði. Fyrir öðruvísi daga eru umræður og kosningar haldnar á eldri deildinni Vörðufell (börn 2ja – 6 ára). Umræðurnar snúast um hvernig dag þau vilji halda og síðan er haldin kosning um þann dag. Þetta er liður í að vekja athygli á lýðræði í leikskólanum. Börnin hafa svo skemmtilegar hugmyndir og síðasti öðruvísi dagur var æðislegur að mati undirritaðra. Sá dagur kallaðist „Töff hrós dagurinn“ og snerist hann um að allir mættu í því sem þeim fannst vera Töff og áttu að vera dugleg að hrósa hvort öðru allan daginn.



## Dagur leikskólans



Við getum ekki beðið eftir hver hugmynd þeirra verður næst. Þann 6. febrúar var dagur leikskólans og héldum við upp á hann með því að bjóða eldri borgurum að koma í salinn okkar í Leikholti og hlusta á börnin kynna sig og syngja nokkur vel valin lög og þiggja síðan kaffi og köku sem börnin bökuðu. Þetta var mjög skemmtileg stund og væri gaman að bjóða enn fleirum næst. Myndir eru frá degi leikskólans í salnum ásamt fleiri myndum úr starfinu. Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.

Svona eru upplýsingarnar á MedicAlert merkjumunum



Einkennisnúmerið veitir læknum og hjúkrunarfólki aðgang að upplýsingum um sjúkling á tölvuskrá Sýsa- og bráðadeildar.

**MedicAlert** eru alþjóðleg samtök, rekin án ágóða, sem veita upplýsingar um merkisbera á neyðarstundu. Um er að ræða **þríþætt** kerfi: merki úr málmi, plastspjald með ákveðnum upplýsingum auk tölvuskrár.

Merkið er borið í keðju um háls eða úlnlið. **Medic Alert er í Hlíðasmára 14 Kópavogi. Sími 561-3122. Netfang [medicalert@medicalert.is](mailto:medicalert@medicalert.is)** Afgreiðslutími er virka daga kl. 10 - 12. Aðild/stofngjald MedicAlert kostar 6.000 kr (einfalt stálmerki og spjald innifalið). Árgjald 1.700 kr





# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00  
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr  
heimabyggð.

Locally grown  
Locally owned

### Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir,  
holdanautakjöt, eldis-  
silungur, heimagerðar  
sultur og flatkökur,  
Arna laktósafríar  
mjólkurvörur og margt  
fleira.

Vegetables, herbs,  
Angus beef, brown  
trout, homemade jams  
and flatbreads, Arna  
lactose free dairy and  
variety of other  
products.

Melum, Flúðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/







**Sími 899-2910**  
**Febrúar 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                 | Föstudagur                                  | Laugardagur                          |
|---------------------------------------------|---------------------------------------------|--------------------------------------|
| 1. feb<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 2. feb<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 3. feb<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30 |
| 8. feb                                      | 9. feb<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 10. feb<br><b>Reykholt</b><br>18-21  |
| 15. feb<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 16. feb<br><b>Flúðir</b><br>18-21           | 17. feb<br><b>Lokað í dag</b>        |
| 22. feb                                     | 23. feb<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30      | 24. feb<br><b>Vetrarfrí</b>          |



**Sími 899-2910**  
**Mars 2018**

[www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



Staðurinn sem kemur til þín

| Fimmtudagur                                  | Föstudagur                                   | Laugardagur                            |
|----------------------------------------------|----------------------------------------------|----------------------------------------|
| 1. mars<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30  | 2. mars<br><b>Flúðir</b><br>18-21            | 3. mars<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30  |
| 8. mars                                      | 9. mars<br><b>Brautarholt</b><br>18:00-20:30 | 10. mars<br><b>Reykholt</b><br>18-21   |
| 15. mars<br><b>Laugarvatn</b><br>18:00-20:30 | 16. mars<br><b>Lokað í dag</b>               | 17. mars<br><b>Flúðir</b><br>18-21     |
| 22. mars                                     | 23. mars<br><b>Árnes</b><br>18:00-20:30      | 24. mars<br><b>Reykholt</b><br>18-21   |
| 29. mars<br><b>Skírdagur</b>                 | 30. mars<br><b>Flúðir</b><br>18-21           | 31. mars<br><b>Borg</b><br>18:00-20:30 |

**54. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 24. nóvember 2018 kl. 14:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Meike Witt, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Anna Þórný Sigfúsdóttir er sat fundinn í forföllum Einars Bjarnasonar og Kristjana H. Gestsdóttir er sat fundinn í forföllum Gunnars Arnar Marteinsonar. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :***

1. Markaðsstofa Suðurlands. Kynning. Dagný Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar og Gunnar Þorgeirsson fulltrúi Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi í stjórn Markaðsstofunnar mættu til fundarins og sagði Dagný frá viðfangsefnum og umfangi Markaðsstofunnar. Meðal þess sem fram kom í erindi Dagnýjar var aðgreining og sérstaða Suðurlands, auk markhópa. Meðal helstu hlutverka Markaðsstofunnar er að koma ferðamannastöðum á Suðurlandi á framfæri. Markaðsstofan hefur tekið þátt í sýningum á sviði ferðamála erlendis og innanlands auk þess að gefa út kynningarefni. Gunnar greindi frá svonefndu DMP verkefni. Skeiða- og Gnúpverjahreppur er með aðild að Markaðsstofunni. Aðildarsamningur rann út 31.12.2017. Drög að nýjum samningi verða lögð fram innan skamms.
2. Erindi frá Björgunarsveitinni Sigurgeir – kaup á húsnæði. Lagt var fram erindi frá Björgvin Þór Harðarsyni formanni Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs þar sem óskað er eftir viðræðum við sveitarfélagið um kaup á þeim hluta húsnæðis að Suðurbraut 1 sem hýst hefur Slökkvistöð Brunavarna Árnessýslu í iðnaðarhverfi neðan við Árnes. Lagt var fram afrit af skiptasamningi um eignina frá árinu 1990. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við fulltrúa Björgunarsveitarinnar um sölu húsnæðisins. Drög að samningi verði lögð fram á næsta sveitarstjórnarfundi.
3. Persónuvernd. Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga undirritað af Thelmu Halldórsdóttur. Þar er upplýst um þá vinnu sem allir grunnskólar landsins þurf að takast á við vegna væntanlegra breytinga á persónuverndarlögum. Sambandið hefur lagt fram bókun um persónuvernd. Sambandið telur að hægt sé að ljúka þessari vinnu í lok janúar 2018 en Persónuvernd hefur hvatt til þess að undirbúningsvinna hefjist sem fyrst og starfsmenn settir í verkefnið. Ennfremur er hvatt til þess að sveitarstjórnir veiti skólastjórnendum stuðning við verkefnið. Skólastjóri Þjórskóla og leikskólastjóri Leikholts hafa þegar sótt námskeið þessa efnis og mun sveitarstjóri gera það einnig. Sveitarstjóra falið að fylgja innleiðingu eftir.
4. Erindi frá Elwiru og Sveini. Kaup á landi. Lagt fram erindi frá Elwiru Kacprzycka og Sveini Gunnarssyni þar sem óskað er eftir landi til kaups af

sveitarfélaginu í námunda við Árneshverfi. Sveitarstjórn tekur vel í erindi Elwiru og Sveins um að skoða möguleika á að úthluta landi neðan Þjórárdalsvegar austan Kálfár. Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við Elwiru og Svein og hefja tilheyrandi undirbúningsferli í skipulagsmál.

5. Umsögn Umhverfisstofnunar um aðalskipulag. Lögð var fram umsögn frá Umhverfisstofnun um aðalskipulag sveitarfélagsins 2017-2029. Undirrituð af Kristínu S Jónsdóttur og Birni Stefánssyni. Í umsögninni er fjallað um samgöngur, valkosti um veg við Brautarholt, uppgræðslu á verndarsvæðum, virkjanakostir, stakar framkvæmdir og vindorku. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsögnina.
6. Atvinnumálanefnd verkefnalistar. Atvinnumálanefnd sveitarfélagsins hefur unnið verkefnalista fyrir nefndir á vegum sveitarfélagsins. Þeir voru lagðir fram og kynntir. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með framtakið en mælir með að verkefnalistunum verði vísað til umsagnar í hverri nefnd fyrir sig.
7. Afgreiðsla byggingarfulltrúa máls er varðar Áshildarmýrarveg. Byggingarfulltrúi hafnar erindinu þar sem það samræmist ekki reglugerð 1277/2016. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu byggingarfulltrúa.
8. Skýrsla sveitarstjórnarþings Evrópuráðs. Á haustþingi sveitarstjórnarþings Evrópuráðs 2016 samþykkti þingið skýrslu um aðgerðir til að koma í veg fyrir spillingu og stuðla að góðu siðferði á sveitarstjórnarstigi. Meðal þess sem vegvísirinn kveður á um er gerð skýrslu um hvernig hægt sé auka gegnsæi í opinberum innkaupum. Hvatt er til þess af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að sveitarstjórnir kynni sér skýrsluna. Lagt fram og kynnt.

### ***Fundargerðir – samningar- styrkur***

9. Fundargerð 148 fundar Skipulagsnefndar. Mál 9 og 18 tekin til afgreiðslu.  
**Mál nr. 9. Nónsteinn og Bugðugerði: Árnes: Stækkun lóðar og fjölgun: Deiliskipulagsbreyting – 1706022**  
Á fundi Skipulagsnefndar var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 21. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Árness. Er þar gerð athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem skipulagsákvæði fyrir lóð Nónsteins séu ekki nógu markviss og að gæta þurfi að því að grunnur utan deiliskipulagsbreytingar sé réttur. Lagfærður deiliskipulagsuppráttur var auk þess lagður fram.  
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagsbreytinguna með lagfæringum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

### **Mál nr. 18. Drög að lagafrumvarpi um lögheimili – 1801027**

5. Lagt fram til kynningar frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um lögheimili og aðsetur. Að mati skipulagsnefndar eru ákvæði um að heimila megi skráningu lögheimilis í frístundahúsum varhugaverð og í ósamræmi við ákvæði gr. 6.2. lið h í skipulagsreglugerð um að föst búsetu í frístundabyggð

sé óheimil. Skipulagsnefnd leggst alfarið gegn ákvæðum um lögheimilis-skráningu í fristunda- og iðnaðarhúsnæði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

10. Fundargerð stjórnar BS Skip og bygg. Fundargerð lögð fram og kynnt
11. Fundargerð Atvinnumálanefndar. 15.01.2018. Fundargerð lögð fram og kynnt.
12. Samningur um Hólaskóg. Þarfnast staðfestingar. Samningur staðfestur samhljóða.
13. Borun eftir heitu vatni – samningur um ráðgjöf. Lögð fram og kynnt drög að samningi við Íslenskar orkurannsóknir um ráðgjöf við borun eftir heitu vatni. En til stendur að bora eftir heitu vatni við Þjórsárholt. Afgreiðslu frestað.
14. SÍBS Beiðni um styrk. Lagt fram bréf frá SÍBS þar sem óskað er eftir kaupum á auglýsingu í SÍBS blaðið til styrktar samtökunum, en blaðið verður verður gefið út á næstunni. Samþykkt að styrkja samtökin um 10.000 kr. Styrkurinn rúmast innan fjárhagsáætlunar.
15. Aðalskipulagsbreyting, Reykholt Þjórsárdal verslunar- og þjónustusvæði lagfærð tillaga. Umsagnir um tillöguna frá Atvinnuvega- og nýsköpunar -ráðuneyti og Landgræðslu ríkisins. Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fyrirhugað er að fara í uppbyggingu baðstaðar, hótels og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal. Í breytingunni felst að afmarkað er um 13 ha svæði fyrir verslun- og þjónustu, merkt V12, á svæði í nágrenni við núverandi Þjórsárdalslaug þar sem megin hluti uppbyggingar fer fram. Að auki er afmarkað annað svæði fyrir verslun- og þjónustu við gatnamót Þjórsárdalsveggar og aðkomuvegar að Reykholti, merkt V13, þar sem fyrirhugað er að byggja upp aðstöðu fyrir móttöku gesta. Í breytingunni er einnig gert ráð fyrir að gatnamótin færast lítillega til að auka umferðaröryggi. Þá er afmarkað vatnsból og vatnsverndarsvæði við Reykholt. Breytingin var kynnt með auglýsingu sem birtist 10. janúar sl. og gefinn frestur til 22. janúar til að koma með athugasemdir eða ábendingar. Drög að deiliskipulagi svæðisins var hluti af kynningargögnum málsins. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma en fyrir liggja umsagnir frá Landgræðslu ríkisins, Vegagerðinni, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Náttúrufræðistofnun. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að senda gögn málsins til athugunar Skipulagsstofnunar.

## *Mál til kynningar*

- A. Art er Smart
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa
- C. Skipulagsstofnun- kostnaðarframlag ASK.
- D. Framkvæmd NPA á norðurlöndum.
- E. Frumvarp til laga um félagsþjónustu. Umsögn Sambands.

Fundi slitið kl 16:50. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 7. febrúar næstkomandi. Kl. 14.00.

## **Sameiginlegur deildafundur**

### **Sláturfélags Suðurlands á Hestakránni!**

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hrunamannadeildum verður haldinn á Hestakránni miðvikudaginn

**28. febrúar kl 20:30.**

**Venjulega fundarstörf.**

Hvetjum alla til að mæta og ræða málefni Sláturfélagsins.

Deildastjórar

## **Leikfimi fyrir konur í Brautarholti.**

Nýtt 6 vikna námskeið byrjar 13.febrúar og verður tvisvar í viku; á þriðjudögum og á fimmtudögum frá kl. 19-20. Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar. Námskeiðið kostar 9.000,- með húsaleigu – einnig er hægt að taka hálf námskeið og kostar það þá 4.500,-. Þjálfari er Elin Moqvist - Allar velkomnar.

## **Workouts for women in Brautarholt.**

A new 6 week course starts February 13th and will be twice a week; on Tuesdays and Thursdays from. 19-20. Varied and fun times. The course costs 9.000,- - with the house rent – you can also take half a course and it costs 4.500,-. Coach is Elin Moqvist - All welcome.





**55.fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi  
miðvikudaginn 7. febrúar 2018 kl. 14:00.**

**Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess Kristófer A. Tómassonar sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Sveitarstjóri óskaði eftir að bæta við einu máli á dagskrá. Mál. Boð frá oddvita Bláskógabyggðar um að taka þátt í kaldavatnsveitu. Samþykkt samhljóða.**

***Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:***

1. Sala á húsnæði Suðurbraut 1. Oddviti greindi frá umræðum við fulltrúa Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs um sölu á hlut sveitarfélagsins til Björgunarsveitarinnar á fasteigninni Suðurbraut 1. Eins og áður hefur komið fram hefur björgunarsveitin list áhuga á að kaupa eignina. Sveitarstjórn er hlynnt því að eignin verði seld björgunarsveitinni. Samhliða viðræðum um sölu eignarinnar er samþykkt að taka samstarfssamning við Björgunarsveitina til endurskoðunar. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að kaupsamningi og endurskoðun samstarfssamnings.
2. Lífeyrissjóðurinn Brú uppgjör. Heimild til fyrirgreiðslu. Þau kjör sem Lánasjóður sveitarfélaga býður á lánaþyrirgreiðslu til uppgjors við Lífeyrissjóðinn Brú eru umtalsvert hagstæðari en Lífeyrissjóðurinn Brú býður. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Lánasjóð sveitarfélagsins um áður-nefnda lánaþyrirgreiðslu. Sveitarstjóra falið að annast þau mál fyrir hönd sveitarfélagsins. Lögð fram tillaga frá stjórn og framkvæmdastjóra SASS er varðar uppgjör Heilbrigðiseftirlits Suðurlands við Lífeyrissjóðinn Brú.  
  
Tillagan er svohljóðandi: Tillaga formanns og framkvæmdastjóra SASS er að hvert sveitarfélag geri upp, á þessum grunni, við samtökin og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þannig að hægt sé að gera upp við lífeyrissjóðinn fyrir viðkomandi stofnanir. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir ofangreinda tillögu samhljóða.
3. Samningur við Markaðsstofu Suðurlands. Lögð voru fram drög að þjónustusamningi milli Markaðsstofu Suðurlands og sveitarfélagsins. Drögin miða að samningi til áranna frá 2018 til og með 2020. Samningsdrög samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falin undirritun fyrir hönd sveitarfélagsins.
4. Reglur um birtingu fylgigagna sveitarstjórnarfunda á heimsíðu. Sveitarstjóri lagði fram drög að reglum um birtingu fylgigagna með málum til umfjöllunar og kynningar á sveitarstjórnarfundum. Framlögð drög að reglunum samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að birta reglurnar á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. Innkaupareglur Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Lögð fram drög að endurskoðuðum innkaupareglum. Afgreiðslu frestað.
6. Sveitarstj.- og samg.ráðuneyti. Samninga- yfirferð. Lagt fram bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Undirritað af Hermanní Sæmundssyni og Ólafi Hjörleifssyni þar er óskað eftir að upplýst verði um alla samninga um samstarf sem sveitarfélagið á aðild að. Lagt fram og kynnt.
7. Forsætisráðuneyti- varðar námur í Þjórsárdal. Lögð fram bréf frá Forsætisráðuneyti undirrituð af Páli Þórhallssyni og Sigurði Erni Guðleifssyni. Í öðru bréfinu er vísað til samnings milli Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða og Jarðefnaiðnar hf um vikurnám í Þjórsárdal innan þjóðlendunnar, Landgræðslusvæði í Þjórsárdal.  
Í því bréfi kemur fram að ráðuneytið hyggist ekki bjóða út frekari vinnslu í námunni Búrfells- og Skeljafellsland. Í hinu bréfinu er vísað til samnings milli iðnaðarráðherra og Vikurvara hf um vikurnám á svæði austan Búrfells og vestan Þjórsár innan þjóðlendunnar Búrfells- og Skeljafellsland. Tilkynnt er sú fyrirætlan ráðuneytisins að taka til skoðunar að bjóða út frekari vinnslu í námunni í samstarfi við Ríkis kaup. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirætlan Forsætisráðuneytis varðandi ofangreindar vikurnámur.
8. Lóðir við Nónstein og Bugðugerði. Lögð fram og kynnt tilkynning frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita um deiliskipulagsbreytinguna: Nónsteinn og Bugðugerði við Árnes stækkun lóðar og fjölgun lóða. Vísað til afgreiðslu liðar 9 í fundargerð 54. Fundar frá 24.01. Þar sem deiliskipulagsbreytingin er samþykkt.
9. Sandlækur 2 spilda. Beiðni um breytingu á aðalskipulagi. Lögð fram beiðni frá Elínu Erlingsdóttur um breytingu á landnotkun á 11 hektara landsspildu úr landi Sandlækjar 2. Oddvita falið að lagfæra tillögur í samráði við landeigendur.

### ***Fundargerðir***

10. Fundargerð 49 fundar BS Skip- og bygg. Meðal efnis í fundargerð er uppgjör vegna Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, skiptist það á milli aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Fundargerð lögð fram og staðfest.
11. Fundargerð 149. fundar Skipulagsnefndar. Mál. 4 og 5 þarfnast umfjöllunar. Mál 4. Ásólfstaðir 1 lnr 166538: Akurhólar 1-4: Stofnun fjögurra lóða – 1712032.  
Lagt fram bréf Sigurðar U. Sigurðssonar, f.h. landeigenda, vegna afgreiðslu skipulagsnefndar þann 21. desember 2017 á umsókn um stofnun fjögurra lóða úr landi Ásólfstaða 1. er jafnframt lagður fram lagfærður uppdráttur sem sýnir afmörkun lóðanna Akurhólar 1-4 sem óskað er eftir að verði stofnaðar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna, með fyrirvara um

lagfæringu á hnitsetningu austurmarka lóða nr. 3 og 4, þ.e. að ekki séu sett hnit sem ná út í eða yfir Hvammsá. Felur þetta í sér að lagfæra þarf stærð lóðanna. Þá er einnig gerður fyrirvari um samþykki eigenda aðliggjandi landa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Tekið er fram að ekki er hægt að veita byggingarleyfi á lóðunum nema á grundvelli deiliskipulags. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir fyrir sitt leyti stofnun lóðanna með ofangreindum fyrirvörum. Sveitarstjórn samþykkir einnig landsskiptin.

**Mál 5. Reykholt í Þjórsárdal:** Svæði umhverfis Þjórsárdalslaug: Deiliskipulag – 1712021.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Reykholt í Þjórsárdal þar sem fyrirhugað er að byggja upp hótél og baðstað. Breyting á aðalskipulagi svæðisins var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga 10. janúar sl. og voru drög að deiliskipulagi svæðisins hluti af kynningargögnum. Deiliskipulagið nær til tveggja svæða, merkt sem svæði A og B. Svæði A er um 24 ha að stærð og er umhverfis núverandi sundlaug. Er þar afmörkuð um 13 ha lóð þar sem heimilt verður að byggja hótél, baðaðstöðu og veitingastað sem samtals geta verið allt að 5.000 fm að stærð. Þá er einnig gert ráð fyrir allt að 300 fm þjónustubyggingu. Á reit B, sem er við afleggjara aðkomuvegar og Þjórsárdalsvegar, er gert ráð fyrir bílastæðum og allt að 300 fm þjónustubyggingu. Fyrir liggja umsagnir Landgræðslu ríkisins, Vegagerðarinnar, Náttúrufræðistofnun og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið verði auglýst skv. 1. mgr. 41. skipulagslaga nr. 123/2010, samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið verði auglýst skv. 1. mgr. 41. Skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Með fyrirvara um samþykki Forsætisráðuneytisins.

12. Fundargerð 24. fundar Atvinnu- og samgöngumálanefndar 31.01.18. Fundargerð lögð fram og staðfest. Lagður fram verkefnalisti nefndarinnar til sveitarstjórnar er snúa að ýmsum verkefnum. Sveitarstjóra og oddvita falið að fara yfir verkefnin.
13. Skólanefndarfundur 30.01.18. Grunnskólamálefni. Fundargerð lögð fram og staðfest.
14. Skólanefndarfundur 30.01.18. Leikskólamálefni. Fundargerð lögð fram og staðfest.
15. Skólanefnd Flúðaskóla, fundargerð 31.01.18. Fundargerð lögð fram og staðfest.

### **Annað:**

16. Umsögn Sambands svf um lögheimilislög. Lagt fram bréf með umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga undirritað af Guðjóni Bragasyni um lögheimilislög. Gerðar eru athugasemdir af hálfu Sambandsins við nokkrum atriðum

frumvarpsins. Bent er á að það muni hafa í för með sér róttækar breytingar frá gildandi lögum og vanti upp á að gerð hafi verið greining á áhrifum þeirra breytinga á rekstur sveitarfélaganna. Lagt fram og kynnt.

17. Kraftur- beiðni um styrk. Lögð frá beiðni um stuðning frá Krafti- stuðningsfélagi við ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein. Samþykkt að styrkja samtökin um 50.000 kr. Styrkveiting rúmast innan fjárhagsáætlunar.
18. Ms félag beiðni um styrk. Lögð var fram beiðni um styrk frá MS félagi Íslands. Samþykkt að styrkja samtökin um 30.000 kr. Styrkveiting rúmast innan fjárhagsáætlunar.
19. Erindi frá oddvita Bláskógabyggðar. Lagt fram bréf frá Helga Kjartanssyni. Bláskógabyggð mun hefja vinnu við undirbúning að aukinni vatnstöku í Fljótsbotnum skammt frá Haukadal, en þar eru vatnslindir sem hafa annað Biskupstungum með kalt vatn. Leitað er eftir því hvort áhugi sé til staðar hjá nágrennasveitarfélögum um að tengjast kaldavatsnveitu Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn hafnar því að taka þátt í að tengjast kaldavatsnveitu Bláskógabyggðar.

### ***Mál til kynningar***

- A. Holtabraut – fækkun lóða
- B. Gögn vegna menntunar kennara og stjórnenda.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa 17-71.
- D. Fundur fagráðs TÁ. Nr. 187.
- E. Fundargerð Skóalnefðar Undralands 31.10.17.
- F. Starfsleyfisfiskilyrði fráveitu.
- G. Fundargerð 856 fundar stjórnar Sambands Svf.
- H. Tillaga um skilyrðislausu framfærslu.
- I. Þingskjal um þjóðarsátt um bætt kjör kvenna.
- J. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl 16:30. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn miðvikudag 21. febrúar næstkomandi. Kl. 14.00.

## **Leikdeild Ungmennafélgs Biskupstungna kynnir:**

Sálir Jónanna ganga aftur.—Hugleiksverk

Gaman leikrit um örlög Jónanna.

### **Næstu sýningar:**

14. febrúar—5 sýning

**Sýnt í Aratungu og allar sýningar hefjast kl.20:00**

Miðaverð 2.500,- - Eldriborgarar 2.000,- Börn 1.500,-  
miðapantanir í síma 896-7003

Leikhússeðill verður í boði á Restaraunt Mika, borðapantanir í síma 486-1110.





# Menn og málefni!



Þriðja árið í röð eru það fyrirtækin Landstólpi ehf og Nesey ehf hér í sveitinni sem fá nafnbótina fyrirmyndaryrirtæki hjá Creditinfo. Það er glæsileg frammistaða og óskum við eigendum og starfsfólki innilega til hamingju með árangurinn.

Þrándur Ingvarsson í Þrándarholti 4, nemandi í 7. bekk í Þjórsárskóla hlaut 1. verðlaun í verkefninu **Landsbyggðarvinir- framtíðin er núna, fyrri hluta.**

Leiðarstef verkefnisins er: Sköpunargleði-Heimabyggðin mín:

Nýsköpun, heilbrigði og forvarnir.

Dómnefnd fyrri hluta verkefnisins var skipuð Ólafi Hersissyni og Steinunni Ármannsdóttur.

Þrándur hlaut verðlaun sín í einstaklingskeppni verkefnisins og voru þau afhent við hátíðlega athöfn þann 26. janúar s.l. í Háskólanum í Reykjavík. Við óskum honum innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur. (Mynd af Þrándi og Hafðísi kennara hans er á bls. 10 hér í blaðinu.)



Sigríður Gunnarsdóttir frá Stóra-Núpi hefur hlotið framgang í stöðu **prófessors í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.**

Heilbrigðisvísindasvið bauð til viðburðar 26. janúar s.l. í Veröld -Húsi Vigdísar þar sem Sigríður fjallaði um feril sinn og helstu rannsóknir. Við færum Sigríði innilegar hamingjuóskir með stöðuna.



[www.Híalín.is](http://www.Híalín.is)

Silkiprentuð munstur sem hafa beina skírskotun í íslenska náttúru. Sérsaumaðir kjólar, húfur, leggings og bolir.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja  
Vilborg í Skarði  
863 9689/ [vilmarius13@gmail.com](mailto:vilmarius13@gmail.com)







## Aðeins um aðskilnað ríkis og kirkju og sóknargjöldin

Kæru sveitungar. Reglulega heyrast í umræðunni háværar raddir um aðskilnað ríkis og kirkju. Gjarnan fylgja vangaveltur um fjárhags - grundvöll kirkjunnar og laun presta. Örstutt langar mig að leggja orð í belg og leitast við að skýra stöðuna.

### Samningur um laun fyrir land

Árið 1997 gerði ríkisvaldið samning við þjóðkirkjuna. Samkomulagið fól í sér að ríkið tók yfir allar kirkjujarðir, utan þeirra sem þá voru enn prestsetur, en tók í staðinn að sér að greiða laun allra starfandi presta og biskupa kirkjunnar. Fjöldi presta sem fær laun samkvæmt samningnum tekur breytingum eftir því hvort fækkun eða fjölgun verður í hópi þeirra sem skráðir eru í kirkjuna. Ljóst er að þarna eru umtalsverðir fjármunir á ferðinni enda fékk ríkið afhentar afar verðmætar jarðir kirkjunnar á móti, m.a. stór landsvæði sem nú tilheyra Garðabæ og Álftanesi og einnig Akranesi. Er þá fátt eitt nefnt. Sem sagt: Þegar sagt er að prestar þiggi laun sín frá ríkinu þá er það ekki alveg rétt heldur er ríkið einfaldlega að borga samkvæmt samningi fyrir land sem það þegar hefur fengið afhent.

### Eignaupptaka?

Sé vilji fyrir því að gera fullan aðskilnað ríkis og kirkju þarf að taka upp samninginn og þá annaðhvort afhenda kirkjunni jarðirnar til baka eða gera nýtt samkomulag við kirkjuna um lokauppgjör ríkisins á þessum landareignum. Þeir hins vegar sem halda því fram að ríkið geti einhliða slitið samningnum við kirkjuna, án eftirmála, eru í reynd að boða tvennt; opinbera eignaupptöku og að ekki þurfi að standa við gerða samninga. Viljum við búa í þannig samfélagi? Vel má færa rök fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju en þá hljótum við að vilja gera það eftir reglum réttarríkisins en ekki samkvæmt lögmáli frumskógarins.

### Hvað þýðir úrsögn úr kirkjunni?

Um sóknargjöldin er það að segja að þau eru eins konar félagsgjöld sem ríkið sér um að innheimta fyrir trúar- og lífskoðunarfélög í landinu og gjaldið var árið 2017 kr. 920 á mánuði fyrir einstaklinga 16 ára og eldri. Í kirkjunni rennur hver króna sóknargjaldsins til kirkjustarfs í þeirri sókn sem þú tilheyrir. Með því að tilheyra kirkjunni ertu því að leggja þitt að mörkum til uppbyggingar á kirkju- og menningarstarfi í þínu nærumhverfi og treysta ákveðna grunnþjónustu samfélagsins. Má þar nefna fjölbreytt helgihald, kórastarf, tónleika, sálgæslu, barna- og æskulýðsstarf og ýmsa menningarviðburði. Úrsögn úr þjóðkirkjunni sem stundum er sprottin af óánægju með yfirstjórn kirkjunnar bitnar því að öllu leyti á því sem síst skyldi, nefnilega á kirkjustarfi í þinni heimabyggð.

Að lokum minni ég á dagskrá helgihaldsins sem send var út á hvert heimili í prestakallinu í síðasta mánuði og svo auðvitað á heimasíðuna, hruni.is og facebook.com/hrunaprestakall.

**Stöndum vörð um öflugt kirkjustarf í okkar heimabyggð  
– sjáumst í kirkjunni!**

*Óskar Hafsteinn Óskarsson*

# Þreyjum Þorrann

Þið sem ég hef ekki hitt á nýbyrjuðu fá bestu óskir frá mér um farsælt ár um leið ég færi ykkur þakkir fyrir það liðna.

## Tíðarfarið

Þegar þetta er ritað er þess farið að gæta að dagurinn hefur lengst talsvert frá því að sólargangur var skemmstur. Það finnst mér ævinlega notalegt. Þorrinn er skemmtilegur tími ef fannfergi er ekki til trafala. Þorrablót er það sem stendur á hverju ári í mínum huga upp úr hvað þorrann varðar. Að gera sér glaðan dag á þessum árstíma er nauðsyn, að njóta leiklistarhæfileika sveitunganna og góðgætis uppúr súru sem maður nýtur í botn. Blótið tókst vel til að þessu sinni. Veðráttan hefur verið heldur rysjótt frá því í nóvember. Við höfum fundið fyrir talsverði hálfu það sem af er vetri og gaddur hefur á köflum verið nokkur. Ég býst við að frost í jörðu sé orðið talsvert. Við reynum að standa okkur í vetrarþjónustunni, seint næst fullkonnun í slíkri þjónustu. En það hefur eitthvað borið á að íbúum finnist vanta þar á.

## Skipulagsmál – uppbygging.

Íbúafundurinn sem haldinn var um skipulagsmál í Árnasi nýlega tókst að mínu mati mjög vel. Mæting virkilega góð. Ég lit svo á að það beri vott um áhuga íbúa fyrir þessum málum. Ef marka má viðbrögð fundargesta við þeim kynningum sem fram fóru á fundinum met ég það svo að bærileg sátt í það minnsta sé um þau áform sem greint var frá í þéttbýliskjörnunum og í Þjórsárdal. Hvað varðar þéttbýliskjarnana í Brautarholti og við Árnes erum við að sjá fram á verulega uppbyggingu ef hugmyndir ganga eftir. Eftirspurn eftir lóðum er meiri en sést hefur mjög lengi. Hluti eftirspurnarinnar kemur til vegna áforma í Þjórsárdal. Persónulega fagna ég því sem horfur eru á að verði að veruleika í þessum efnum og hlakka til að sjá verkefnin fara af stað. Ef horft er til þess sem til stendur að framkvæma í Þjórsárdal þá er verið að leggja drög að mjög metnaðarfullri uppbyggingu sem mun skapa mörg störf og vænta má margfeldisáhrifa af því. Vinnu við nýtt aðalskipulag er að mestu lokið og er umsagnar – og auglýsingaferli yfirstandandi. Ekki er víst að náist að ljúka ferlinu fyrir kosningar.

## Glaðningar.

Sveitarfélög í landinu fengu nýjársglaðning. Ég er reyndar að hæðast með orðið glaðningur. Á árinu 2016 var gengið frá samkomulagi milli samtaka opinberra starfsmanna og ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið gekk út á að samræma lífeyrisréttindi á vinnumarkaði, opinberum og almennum. Það kemur í hlut Skeiða- og Gnúpverjahrepps að greiða af þessu tilefni er nálægt 80 milljónum króna. Þar með eru taldar skuldbindingar vegna byggðasamlaga sem sveitarfélagið á aðild að.

Kollegar mínir sem ég hef hitt eða heyrt í að undanfögnu eru rétt eins og ég pirraðir yfir hvernig þessum málum er háttað. Sveitarfélagið mun þurfa að fá fyrirgreiðslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að standa straum af þessum útgjöldum. Við höfum ekki laust fé í það um þessar mundir þar sem fjárfrekar framkvæmdir eru framundan á árinu.

Þá er ég að vitna til gatnagerðarverkefnisins það mun kosta í heild 126 milljónir króna. Auk þess er horft til framkvæmda við öflun á heitu vatni.

### Úrgangsmál

Eins og komið hefur fram var samþykkt nokkur breyting á gjaldskrá sorpmála fyrir árið 2018. Við Skafti munum gera þeim málum betur skil á næstunni. Klippi-kortum verður úthlutað á hvert heimili á næstunni, hvert kort hljóðar uppá 6 rúm-metra. Tíðni sorpferða hefur breyst nokkuð og vísast til nýs sorpdagatals með það. Við erum að taka. Sveitarfélagið tekur þátt í seyruverkefni með öðrum sveitarfélögum í Uppsveitunum. Með vorinu verður tekin í notkun ný hreinsibifreið undir því verkefni.

### Brunavarnir – Almannavarnir

Ég er ákaflega ánægður með að ný og glæsileg Slökkvistöð með góðum búnaði skuli vera orðin að veruleika hér í sveitarfélaginu. Það er mikill áfangi og sómi að því. En maður vonast til að sem minnst þurfi að nota þann búnað sem þar er kominn í gagnid.

Viðbragðsáætlun við samfélagslegum áföllum hefur verið samþykkt í sveitarstjórn. Víðir Reynisson verkefnastjóri Almannavarna hefur leitt það verkefni af miklum metnaði og fagmennsku. Hann kynnti skýrsluna ásamt Kjartani Þorkelssyni Lögreglustjóra á íbúafundi nú í byrjun febrúar. Auk þess gerðu þeir félagar almennti löggæslu skil. Var fundurinn sérlega áhugaverður. Rétt eins og með slökkvistöðina væri óskandi að ekki komi til þess að standa þurfi frammi fyrir samfélagslegum áföllum.

Ég vænti þess að okkur gangi öllum vel að þreyja Þorrann og Góuna.

Kær kveðja.

Kristófer Tómasson.



## Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810. Kv. Dóri



# Á bak við eldavélina!

Jæja pabbi minn, nú fyrstu illa með mig. Þú veist að ég er ekki mikið fyrir að fara eftir uppskriftum, mælieiningarnar mínar eru oftast slatti, sletta og smávegis J

Þegar ég spyr manninn minn og börnin hvað þau vilji hafa í matinn ef þau fengju að velja, eru þau nokkuð sammála um að Lasanja sé efst á óskalistanum, það sé það besta sem ég bý til.

Þannig að mér datt í hug að reyna að hrista fram uppskriftina af því hérna, ásamt brauðbollum sem gott er að hafa með.

## Lasanja

Ca 800 gr hakk (ég nota oftast nautahakk en allt annað hakk gengur líka og folaldahakkið er að koma sterkt inn hjá mér núna)

1 dós hakkaðir tómatar (fylli svo dósina aftur af vatni og set saman við)

1 lítil dós tómatur

1 laukur – saxaður mátt

4 hvítlauksrif – pressuð

2 teningar kjótkraftur (ég nota nauta og klar bullion frá Knorr)

2 matskeiðar Sweet chili sósa)

Kryddað með svörtum pipar, paprikudufti, þurrkaðri basiliku og þurrkaðri steinselju. Allt sett í pott, hrært saman og soðið í ca 10 mín. Hægt að þykkja kássuna ef hún er of þunn, ég nota oft Maizena þykki.

## Hvít sósa

Ca 100 grömm smjörlíki brætt og hveiti sett úti þangað til hægt er að búa til smjörbollu. Mjólk bætt við og hrært mjög vel til að ekki komi kekkir. Þegar jafningurinn er orðinn nokkuð þykkur, en samt þannig að gott er að ausa honum er sett salt og svartur pipar þangað til að komið er gott bragð. Þá eru settar

2 matskeiðar af sykri saman við og hrært vel

Svo er tekið eldfast form og sett í það til skiptis hakkkássa, jafningur og lasan-japlötur (Mér finnst þessar frá Barilla bestar) í ca 4 hæðir. Í síðustu umferðinni er sett hakk, jafningur og svo rifinn ostur.

Þetta er svo sett í ofn og bakað við 200 gráður í ca 20 mínútur, eða þangað til að osturinn er orðinn gylltur.

## Brauðbollur

10 dl hveiti

4 dl volg mjólk

1 dl volgt vatn

1 bréf þurrger

2 msk sýróp

½ tsk salt

3 msk olía



Ger, sýróp, salt og olía hrært samanvið vatnið og mjólkina. Látið standa í 5 mín, Hveitið sett samanvið og hnoðað. (Ef deigið er of klístrað má bæta við smá hveiti) Látið hefast í 30 mín. Búnar til bollur, valfrjálst hversu stórar. Bakað í upb. 15 mín við 200 gráður. Best er að borða brauðið volgt með miklu smjöri. Mjög gott er líka að hafa hrásalat úr grænmeti beint frá íslenskum garðyrkjubændum með góðum fetaosti sem meðlæti með lasanja.

Að lokum langar mig að skora á vinkonu mína í Fjalli, hana Svölu, að koma með uppskrift í næsta blað. Verði ykkur að góðu, Álfheiður Viðarsdóttir.



## Frá Vegagerðinni!

### Varðandi snjómokstursreglu á Þjórsárdalsvegi frá Skeiða og Hrunamannavegi að Búrfelli.

Þessa leið á að moka fimm daga vikunnar sem eru:

**sun, mán, mið, fim og föstudagur.**

Stefna á að að vegurinn sé fær virka daga:

frá kl.07:00 til 19:30 í Árnes og 08:00 til 17:00 í Búrfell.

**Um helgar.**

Skeiðavegur – Árnes 08:30 til 19:30. Árnes- Búrfell 09:00 til 17:00.

Þjórsárdalsvegur er í þjónustuflokki 3 og upplýsingar á um þjónustuflokka Vegagerðarinnar eru inn á [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)



## Starfsfólk óskast!

Starfsfólk óskast í Skeiðalaug í sumar.

Hafið samband við Kristófer Tómasson í síma 486-6100 eða sendið netpóst á [kristofer@skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is)

**Býrð þú við ofbeldi? Is domestic violence a part of your life? Czy jesteś ofiara przemocy? - The best way to a swift service is to contact the Emergency numer 112! -**

**Besta leiðin að ná til lögreglu er Neyðarnúmerið í 112!**

## Hreinsun rotpróa í sveitarfélaginu 2017- 2019

Árið 2017 verða rotprær hreinsaðar frá Skarðsbæjum og endað á Austurhlíð, Steinsholtsbæjum og Skaftholti.- 2018 eru það allar þrær á Skeiðum, Sandlækjarbæir og endað á Gunnbjarnarholti. 2019 hefst hreinsun við Ásaskóla, Ása, Stóra-Núp og Minna- Núp og endar á Sultartangavirkjun.

### Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



# GIANT D337T HD



Giant D337T HD er aflmikill og með mikla lyftigetu miðað við stærð. Vélin er fjórhjóladrifin með "Heavy duty" öxla og sjálvirkri mismunadrifslæingu.

Vél: Kubota D1105 T  
33 HP/24 kW  
Lyftigeta: 1450 kg  
Aksturshraði: 0-10 / 0 -25 km  
Breidd: 104 -128 cm  
- Hátt og lágt drif  
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum

**Eigum  
nokkrar vélar  
til afgreiðslu  
strax**

#### Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
- Niðurfellanlegt öryggishús
- Hátt og lágt drif
- Euro tækjafestingar
- Vinnuljós að aftan og framan
- 90 kg. þynging með dráttartengi

- Mikil lyftigeta
- Stöðugir
- Aflmiklir
- Úrval aukahluta

**LANDSTÓLPÍ**



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

Kaupvangi 10,  
700 Egilsstöðum  
Sími 471 1901

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbók

**Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!**  
**Neslaug S: 486-6117** **Skeiðalaug S: 486 5500**

## **Neslaug**

**Open - Winter:**

**Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00**

**Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00**

Vörur tengdar sundi seldar  
í afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í  
hálf tíma fyrir lokun.**

**Opið alla virka daga í febrúar í NESLAUG  
kl. 07:00 – 08:30-Syndum þetta í gang ☺**

Neslaug og Skeiðalaug eru á

Fylgist með á

facebook



## **Skeiðalaug**

**Open - Winter:**

**Mánudaga Mon. 18:00-22:00**

**Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00**

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga  
eythorb@gmail.com

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps  
Bókahúsinu, Brautarholti.**

**Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00**

**S: 486-5505**

**Netfangbokasafn@skeidgnup.is**

**<http://www.allirlesa.is>**

**<http://www.leitir.is>**

